


Rebbi og randaflugan

randa-fluga – drottning
flugnarbú – vinnu-flugur
brekka – hunang



I
Einu sinni var stór randafluga.
Hún átti sér stórt bú.
Hún var drottning í flugnabúinu.
Þar voru líka margar vinnuflugur.
Þegar sólin kom upp á morgnana
þá flugu þær allar út úr búinu.



Þær settust á blómin í brekkunni.
Þar sugu þær sætt hunang.
Þær báru hunang heim í búið.
Þær báru alltaf meira hunang heim.

Búið var orðið fullt af hunangi.

➤ **Hvað gerðu vinnuflugurnar á daginn?**

II
Rebbi gamli kom út úr greni.
Hann var að þefa og snuðra.
Þá fann hann flugnabúið.

– Góðan daginn, drottning, sagði hann.
Góð er lyktin. Gefðu mér að bragða.

– Þú færð ekkert, sagði drottning.
Þetta er handa mér og mínum.
Við höfum safnað því í sumar.
Við þurfum að nota það.
Þú færð ekki neitt af því
og snáfaðu heim í greni þitt.

➤ **Hvað vildi rebbi?**

– Góða, gefðu mér svolítið, sagði hann.

– Það er ljótt að biðja að gefa sér,
sagði drottning og var nú reið.
Það gera betlarar og það er ljótt.

Rebbi varð nú reiður og sagði:

– Ef þú vilt ekkert gefa mér
þá kem ég og tek hunangið.

– Komdu ef þú þorir, sagði drottning.
Þig skal fá að sviða í trýnið.

Rebbi stökk nú af stað
og ætlaði að ráðast á búið.
En þá komu allar flugurnar.

Þær flugu allar utan um rebba.
Þær suðuðu brum, brum, brum.
Þær stungu allar í augun og trýnið.
Þær stungu alls staðar í rebba.

Rebbi flýði eins og fætur toguðu.
Hann fór að þurrka úr augunum.
Hann var að því allan daginn.

- Af hverju varð rebbi reiður?
- Hvers vegna vildi drottningin ekki gefa rebba hunang?
- Finnst þér ljótt að biðja einhvern að gefa sér?
- Segðu einhverjum söguna og notaðu þín eigin orð.

